

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Ársfundur 2023

Miðvikudagur 31. maí kl. 17:15
Arion banki, Borgartúni 19



Dagskrá

1. [Skýrsla stjórnar](#)
2. [Kynning ársreiknings](#)
3. [Kynning á niðurstöðu rafrænna kosninga](#)
4. [Tryggingafræðileg athugun](#)
5. [Fjárfestingarstefna sjóðsins](#)
6. [Kjör endurskoðanda](#)
7. [Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins](#)
8. [Laun stjórnarmanna](#)
9. [Önnur mál](#)



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Skýrsla stjórnar

Ásdís Eva Hannesdóttir

Formaður stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson cand.act

Tryggingastærðfræðingur



Tryggingafræðileg athugun



- Samanburður eigna og iðgjald við vænt útgjöld vegna þeirra réttinda sem sjóðurinn hefur veitt
- Helstu forsendur útreikninga ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, 391/1998
- Tryggingafræðingi þó heimilt að víkja frá staðalforsendum ef aðrar forsendur eiga betur við í viðkomandi sjóð
- Mikilvægustu forsendur eru um vexti og lífs- og örorkulíkur

Forsendur útreikninga 2022



- Allar reikniforsendur eru óbreyttar frá fyrra ári
- Réttindaákvæðum samþykktá var hins vegar breytt verulega á fundi stjórnar sjóðsins þann 14.9.2022
 - Réttindaöflun tekur frá 1.1.2023 mið af fæðingarári sjóðfélaga auk aldurs og fjárhæð iðgjalds
 - Réttindaöflun fyrir greitt iðgjald lækkaði við breytingarnar og samhliða var iðgjaldshluta sem varið er til samtrygginga hækkað
- Þeim réttindum sem sjóðfélagar höfðu áunnið sér ekki breytt

Árið 2022



- Starfsumhverfi lífeyrissjóða 2022:
- Mikil hækkun verðlags
 - Afleiðingin er samsvarandi hækkun lífeyrisréttinda og lífeyrisgreiðslna sem fylgja vísitölu verðlags
- Erfiðar aðstæður á öllum eignamörkuðum

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Tryggingafræðileg staða í lok 2022



Eignaliðir	Eignir	Iðgjöld	Samtals
Bókfærð eign	130.629,4		130.629,4
Endurmat	-2.937,7		-2.937,7
Núvirði iðgjalda		152.039,0	152.039,0
Samtals eignir	127.691,7	152.039,0	279.730,7
Skuldbindingar	Áunnið	Framtíð	Samtals
Ellilífeyrir	116.137,7	120.182,7	236.320,4
Örorkulífeyrir	19.906,4	21.873,4	41.779,8
Makalífeyrir	4.862,4	3.968,4	8.830,8
Barnalífeyrir	162,6	1.081,0	1.243,6
Rekstrarkostnaður	1.453,4	3.082,0	4.535,4
Samtals skuldbindingar	142.522,5	150.187,4	292.709,9
Eignir umfram skuldbindingar	-14.830,8	1.851,6	-12.979,2
Hlutfall	-10,4%	1,2%	-4,4%

Breyting ársins



Lítum til síðasta árs til samanburðar

	Áfallin staða	Framtíð	Heild
2021	0,1%	-17,0%	-9,2%
2022	-10,4%	1,2%	-4,4%

Breyting frá fyrra ári



Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum tryggingadeildar							
						2022	2021
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun						117.772.637	89.820.344
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta						15.954.257	7.931.337
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins						8.798.420	7.528.132
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu						(1.603.162)	(1.254.273)
Hækkun/lækkun vegna nýrra forsendna um lífs- og örorkulíkur						0	14.507.519
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga						146.996	(760.422)
						141.069.149	117.772.637

Staða Frjálsa lífeyrissjóðsins



- Heildarstaða innan marka laga um lífeyrissjóði
 - (-10% eitt skipti, -5% fimm ár í röð)
- Halli á áfallinni stöðu
- Staða á réttindaöflun í góðu jafnvægi miðað við þær forsendur sem reiknað er eftir
- Sjóðurinn er ungur, sem veitir nokkra vernd gegn sveiflum í ávöxtun
- Vöxtur í iðgjöldum

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Fjárfestingar- stefna 2023

Hjörleifur Arnar Waagfjörð

Forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta



Áherslubreytingar milli ára í fjárfestingarstefnum




- Hlutfall erlendra fjárfestinga aukið, líkt og síðustu ár
 - Þ.a. aukið vægi sérhæfðra erlendra fjárfestinga
 - Þ.a. aukið vægi erlendra hlutabréfa í tryggingadeild
- Dregið úr vægi innlendra skuldabréfa
 - Þ.a. vægi sértryggðra skuldabréfa minnkað
- Dregið úr vægi innlendra hlutabréfa

Fjárfestingarstefna Frjálsa



Vægi hlutabréfa:	65%	65%	50%	49%	25%	24%	-	-	35%	35%
Erlendar eignir:	47%	47%	42%	44%	21%	23%	-	-	34%	38%



■ Innlend skuldabréf ■ Innlend hlutabréf ■ Erlend hlutabréf ■ Erlend skuldabréf ■ Erlendar sérhæfðar fjárfestingar

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Kjör endurskoðanda



Kjör endurskoðanda



Lagt er til að KPMG verði áfram endurskoðandi Frjálsa lífeyrissjóðsins

Rökstuðningur:

- Samkvæmt samþykktum sjóðsins þurfa tillögur um endurskoðanda að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund
- Engar aðrar tillögur bárust og er KPMG því sjálfkjörið sem endurskoðandi sjóðsins

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Breytingar- tillögur stjórnar á samþykktum



Breyting á grein 8.7



Breytingartillaga 1 (viðmiðunarlundur)

8.7 Iðgjöld sem greidd eru til tryggingadeildar Frjálsa lífeyrissjóðsins veita réttindi sem falla að ákvæðum III. kafla laga nr. 129/1997. **Greiðsla Viðmiðunarlundur réttindaöflunar** ellilífeyris úr tryggingadeild skv. Frjálsu leiðinni ~~hefst við~~ er 70 ára ~~aldur~~ og skv. Erfanlegu leiðinni ~~þegar sjóðfélagi er 82~~–85 ára, og er til æviloka. Réttindaöflun í tryggingadeild ræðst af aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds, upphæð iðgjalds og lengd iðgjaldsgreiðslna svo og upphafstíma lífeyrisgreiðslna. Töflur T1 og T2 kveða á um réttindi sem aflað er með innborgun iðgjalda og skoðast sem hluti af samþykktum þessum. Réttindaöflun samkvæmt töflu T1 er miðuð við fæðingarár og aldur sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af til vísitölu neysluverðs til verðtryggingar fyrir þann mánuð sem lífeyrir er greiddur fyrir. Miðað skal við að iðgjöld standi á öllum aldurs skeiðum undir réttindum sem veitt eru samkvæmt réttindatöflum sjóðsins miðað við þær forsendur sem notaðar eru við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Myndist misræmi þar á milli vegna breyttra reikniforsenda, skal stjórn sjóðsins í samráði við tryggingafræðing sjóðsins gera tillögu um nýjar réttindatöflur. Í breytingum á samþykktum skal kveðið á um gildistökudag taflnanna og hefur slík breyting réttindataflna ekki áhrif á þau réttindi sem áunnist hafa fyrir gildistökudag hinna nýju taflna.

Breyting á grein 9.8



Breytingartillaga 2 (Upplýsingagjöf til sjóðfélaga)

9.8 Eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanleg lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri. Jafnframt skal lífeyrissjóðurinn veita nýjum sjóðfélögum upplýsingar um helstu réttindi sem ávinnast við greiðslu iðgjalda ásamt upplýsingum um skipulag og stefnu sjóðsins. ~~Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum skv. þessari grein með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski sjóðfélagi eftir því, eða ef lagaheimild er fyrir slíkum skilum.~~ Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum og upplýsingum skv. þessari grein með rafrænum hætti þar sem rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga er krafist, en við rafræna birtingu upplýsinga sem teljast almenns eðlis þarf þó ekki að krefjast rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga. Sjóðfélaga er þó ávallt frjálst að óska eftir því að fá ofangreind gögn og upplýsingar á pappírformi sér að kostnaðarlausu.

Breyting á grein 9.10-9.15 og 11.3



Breytingartillaga 3 (Innheimta iðgjalda)

9.10 Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Lokaaðvörðun til launagreiðenda skal senda innan 90 daga frá dagsetningu yfirlits samkvæmt gr. 9.8. ~~Um innheimtu fer að öðru leyti eftir 9.11.~~

~~9.11 — Öllum innborgunum launagreiðanda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagreini eða öðrum hætti skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og skapa réttindi samkvæmt því. Sjóðnum er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfalli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.9. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaður vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagreini telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.~~

9.12 verður 9.11, 9.13 verður 9.12, 9.14 verður 9.13 og 9.15 verður 9.14

Í grein 11.3 er vísað í grein 9.15 en verði ofangreindar breytingartillögur samþykktar breytist tilvísun greinarinnar í 9.14.

Breyting á grein 16.2



Breytingartillaga 4 (Tilhögun lífeyrisgreiðslna)

16.2 Lífeyrir greiðist úr tryggingadeild og bundinni séreign mánaðarlega eftirá. ~~Fyrst fyrir næsta mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi.~~ Ellilífeyrir greiðist ~~eftir að umsókn berst sjóðnum og greiðist ekki aftur í tímann. frá og með næsta mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum. Þó er sjóðnum heimilt að greiða ellilífeyri úr bundinni séreign í sama mánuði og umsókn berst sjóðnum.~~ Þegar hámarksaldri er náð skv. gr. 10.2. skal sjóðurinn hefja greiðslu ellilífeyris vegna næsta mánaðar þar á eftir, enda hafi sjóðurinn nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Aldrei skal sjóðnum skylt að úrskurða örorku-, maka- og barnalífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár sem reiknast frá byrjun mánaðar þegar umsókn berst sjóðnum. Nemi áunnin réttindi til lífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins. Upphæðin uppfærast mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 230. Ef bundin séreign sjóðfélaga er lægri en 500.000 kr. er sjóðfélaga heimilt að fá hana greidda út í heilu lagi. Upphæðin uppfærast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Breyting á gr. 16.4-16.5



Breytingartillaga 5 (Tilgreind séreign)

16.4 Sjóðfélögum Frjálsa lífeyrissjóðsins er heimilt að flytja allt að 3,5% af iðgjaldsstofni úr frjálsri séreign í tilgreinda séreign til ráðstöfunar í skattfrjálsa úttekt séreignarsparnaðar, sbr. lög nr. 111/2016 um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Sjóðfélögum er heimilt að hefja útgreiðslu tilgreindar séreignar þegar sjóðfélagi hefur náð 62 ára aldri og skulu útgreiðslurnar dreifast á jafnar mánaðarlegar greiðslur frá því að lífeyrisþegi óskar eftir að fá tilgreinda séreign greidda út og þar til hann nær 67 ára aldri. Þegar sjóðfélagi nær 67 ára aldri er heimilt að greiða tilgreinda séreign út í einni greiðslu nema sjóðfélagi óski annars.

16.45 Velji sjóðfélagi annars lífeyrissjóðs að ráðstafa hluta iðgjalds í tilgreinda eða bundna séreign hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997 skulu um útborgun séreignarinnar gilda sömu reglur og gilda myndu fyrir séreignarhlutann í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn greiðir samtryggingarhluta lágmarksiðgjaldsins til sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 698/1998. Sama gildir ef sjóðfélagi velur að flytja í Frjálsa lífeyrissjóðinn tilgreinda eða bundna séreign frá öðrum vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Hafi lífeyrissjóðurinn sem sjóðfélagi greiðir samtryggingarhluta lágmarksiðgjaldsins til ekki reglur um útborgun fyrir tilgreinda séreign ~~er sjóðfélaganum heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar úr tilgreindri séreign þegar 62 ára aldri er náð og skulu greiðslurnar dreifast að lágmarki fram að 67 ára aldri.~~ gilda sömu reglur um útborgun lífeyrissparnaðar úr tilgreindi séreign og hjá sjóðfélögum Frjálsa lífeyrissjóðsins, sbr. gr. 16.4. Sömu reglur gilda um útgreiðslu innistæðu sjóðfélaga vegna örorku og innistæðu sem ekki nær 500.000 kr. og gilda um frjálsa séreign skv. gr. 16.3.

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Heildaratkvæði



Breyting á grein 9.8



Breytingartillaga 2 (Upplýsingagjöf til sjóðfélaga)

9.8 Eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanleg lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri. Jafnframt skal lífeyrissjóðurinn veita nýjum sjóðfélögum upplýsingar um helstu réttindi sem ávinnast við greiðslu iðgjalda ásamt upplýsingum um skipulag og stefnu sjóðsins. ~~Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum skv. þessari grein með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski sjóðfélagi eftir því, eða ef lagaheimild er fyrir slíkum skilum.~~ Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum og upplýsingum skv. þessari grein með rafrænum hætti þar sem rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga er krafist, en við rafræna birtingu upplýsinga sem teljast almenns eðlis þarf þó ekki að krefjast rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga. Sjóðfélaga er þó ávallt frjálst að óska eftir því að fá ofangreind gögn og upplýsingar á pappírsmi sér að kostnaðarlausu.

Breyting á grein 9.10-9.15 og 11.3



Breytingartillaga 3 (Innheimta iðgjalda)

9.10 Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Lokaaðvörðun til launagreiðenda skal senda innan 90 daga frá dagsetningu yfirlits samkvæmt gr. 9.8. ~~Um innheimtu fer að öðru leyti eftir 9.11.~~

~~9.11 — Öllum innborgunum launagreiðanda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og skapa réttindi samkvæmt því. Sjóðnum er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfalli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.9. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaður vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.~~

9.12 verður 9.11, 9.13 verður 9.12, 9.14 verður 9.13 og 9.15 verður 9.14

Í grein 11.3 er vísað í grein 9.15 en verði ofangreindar breytingartillögur samþykktar breytist tilvísun greinarinnar í 9.14.

Breyting á grein 16.2



Breytingartillaga 4 (Tilhögun lífeyrisgreiðslna)

16.2 Lífeyrir greiðist úr tryggingadeild og bundinni séreign mánaðarlega eftirá. ~~Fyrst fyrir næsta mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi.~~ Ellilífeyrir greiðist ~~eftir að umsókn berst sjóðnum og greiðist ekki aftur í tímann. frá og með næsta mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum. Þó er sjóðnum heimilt að greiða ellilífeyri úr bundinni séreign í sama mánuði og umsókn berst sjóðnum.~~ Þegar hámarksaldri er náð skv. gr. 10.2. skal sjóðurinn hefja greiðslu ellilífeyris vegna næsta mánaðar þar á eftir, enda hafi sjóðurinn nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Aldrei skal sjóðnum skylt að úrskurða örorku-, maka- og barnalífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár sem reiknast frá byrjun mánaðar þegar umsókn berst sjóðnum. Nemi áunnin réttindi til lífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins. Upphæðin uppfærast mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluerðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 230. Ef bundin séreign sjóðfélaga er lægri en 500.000 kr. er sjóðfélaga heimilt að fá hana greidda út í heilu lagi. Upphæðin uppfærast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluerðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Séreignaratkvæði



Breyting á gr. 16.4-16.5



Breytingartillaga 5 (Tilgreind séreign)

16.4 Sjóðfélögum Frjálsa lífeyrissjóðsins er heimilt að flytja allt að 3,5% af iðgjaldsstofni úr frjálsri séreign í tilgreinda séreign til ráðstöfunar í skattfrjálsa úttekt séreignarsparnaðar, sbr. lög nr. 111/2016 um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Sjóðfélögum er heimilt að hefja útgreiðslu tilgreindar séreignar þegar sjóðfélagi hefur náð 62 ára aldri og skulu útgreiðslurnar dreifast á jafnar mánaðarlegar greiðslur frá því að lífeyrisþegi óskar eftir að fá tilgreinda séreign greidda út og þar til hann nær 67 ára aldri. Þegar sjóðfélagi nær 67 ára aldri er heimilt að greiða tilgreinda séreign út í einni greiðslu nema sjóðfélagi óski annars.

16.45 Velji sjóðfélagi annars lífeyrissjóðs að ráðstafa hluta iðgjalds í tilgreinda eða bundna séreign hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997 skulu um útborgun séreignarinnar gilda sömu reglur og gilda myndu fyrir séreignarhlutann í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn greiðir samtryggingarhluta lágmarksiðgjaldsins til sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 698/1998. Sama gildir ef sjóðfélagi velur að flytja í Frjálsa lífeyrissjóðinn tilgreinda eða bundna séreign frá öðrum vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Hafi lífeyrissjóðurinn sem sjóðfélagi greiðir samtryggingarhluta lágmarksiðgjaldsins til ekki reglur um útborgun fyrir tilgreinda séreign ~~er sjóðfélaganum heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar úr tilgreindri séreign þegar 62 ára aldri er náð og skulu greiðslurnar dreifast að lágmarki fram að 67 ára aldri.~~ gilda sömu reglur um útborgun lífeyrissparnaðar úr tilgreindi séreign og hjá sjóðfélögum Frjálsa lífeyrissjóðsins, sbr. gr. 16.4. Sömu reglur gilda um útgreiðslu innistæðu sjóðfélaga vegna örorku og innistæðu sem ekki nær 500.000 kr. og gilda um frjálsa séreign skv. gr. 16.3.

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Samtryggingaratkvæði



Breyting á grein 8.7



Breytingartillaga 1 (viðmiðunarlundur)

8.7 Iðgjöld sem greidd eru til tryggingadeildar Frjálsa lífeyrissjóðsins veita réttindi sem falla að ákvæðum III. kafla laga nr. 129/1997. **Greiðsla Viðmiðunarlundur réttindaöflunar** ellilífeyris úr tryggingadeild skv. Frjálsu leiðinni **hefst við er** 70 ára **aldur** og skv. Erfanlegu leiðinni **þegar sjóðfélagi er 82-85** ára, og er til æviloka. Réttindaöflun í tryggingadeild ræðst af aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds, upphæð iðgjalds og lengd iðgjaldsgreiðslna svo og upphafstíma lífeyrisgreiðslna. Töflur T1 og T2 kveða á um réttindi sem aflað er með innborgun iðgjalda og skoðast sem hluti af samþykktum þessum. Réttindaöflun samkvæmt töflu T1 er miðuð við fæðingarár og aldur sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af til vísitölu neysluverðs til verðtryggingar fyrir þann mánuð sem lífeyrir er greiddur fyrir. Miðað skal við að iðgjöld standi á öllum aldursskeiðum undir réttindum sem veitt eru samkvæmt réttindatöflum sjóðsins miðað við þær forsendur sem notaðar eru við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Myndist misræmi þar á milli vegna breyttra reikniforsenda, skal stjórn sjóðsins í samráði við tryggingafræðing sjóðsins gera tillögu um nýjar réttindatöflur. Í breytingum á samþykktum skal kveðið á um gildistökudag taflnanna og hefur slík breyting réttindataflna ekki áhrif á þau réttindi sem áunnist hafa fyrir gildistökudag hinna nýju taflna.

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Breytingartillögur stjórnar á viðauka samþykktá sjóðsins




Forsaga



- Fjármálaráðuneytið innleiðir í lok 2021 nýjar forsendur um lífslíkur
 - Reiknilíkan FÍT um lækkun aldursbundinnar dánartíðni
 - Lækkun mismunandi eftir fæðingarárgöngum
- Mat á skuldbindingum Frjálsa hækkaði í tryggingafræðilegri athugun 2022 með nýjum forsendum
- Sjóðurinn átti eignir fyrir áunnum réttindum í lok árs 2021
- Framtíðarstaða hins vegar neikvæð um 17%
 - „Samþykktir lífeyrissjóðs skulu við það miðaðar að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar“ gr. 27.1, lög 129/1997

Forsaga – spár um breytingu á lífslíkum



© 2022 United Nations, DESA, Population Division. Licensed under Creative Commons license CC BY 3.0 IGO.
United Nations, DESA, Population Division. World Population Prospects 2022. <http://population.un.org/wpp/>

Breyting haust 2022



- Í 2. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 segir:
 - „Stjórn lífeyrissjóðs er heimilt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins án þess að bera þær undir ársfund eins og mælt er fyrir um í 30. gr. og eftir atvikum í samþykktum einstakra lífeyrissjóða, ef þær leiða af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða“.
- Ljóst var að réttindakerfi Frjálsa lífeyrissjóðsins uppfyllti ekki lengur grunnskilyrðið um að iðgjöld standi undir réttindum.
- Stjórn sjóðsins gerði því á fundi sínum 14.09.2022 breytingar á réttindakerfinu sem aðlaga það breyttum forsendum um líflíkur.
- Réttindaöflun verður frá árinu 2023 háð fæðingarári sjóðfélaga auk þess að áfram skiptir aldur sjóðfélaga þegar iðgjald er greitt máli og fjárhæð iðgjalds sem er greitt.
- Réttindaöflun lækkaði almennt nokkuð frá fyrri réttindatöflum fyrir sama iðgjald.
- Samhliða var hækkað það hlutfall iðgjalda sem rennur til samtryggingar.

Breyting haust 2022 frh.



FRJÁLSA LEIÐIN

Ellilífeyrisréttindi m.v. 10.000 kr. iðgjald til tryggingadeildar

Iðgjald til tryggingadeildar sbr. gr. 9.1: 8,75%

Viðmiðunarlundur eftirlauna: 70 ára

Aldur/Fæðingarár	1974	1975	1976	1977	1978
16	3.945	3.934	3.923	3.912	3.9
17	3.741	3.730	3.720	3.711	3.7
18	3.554	3.544	3.535	3.526	3.5
19	3.382	3.373	3.364	3.356	3.3
20	3.224	3.215	3.207	3.199	3.1
21	3.077	3.069	3.061	3.053	3.0
22	2.940	2.932	2.924	2.917	2.9
23	2.811	2.804	2.796	2.789	2.7
24	2.691	2.684	2.677	2.670	2.6
25	2.578	2.571	2.564	2.558	2.5
26	2.472	2.465	2.459	2.453	2.4
27	2.373	2.367	2.360	2.355	2.3
28	2.280	2.274	2.268	2.262	2.2
29	2.193	2.187	2.182	2.176	2.1
30	2.111	2.106	2.100	2.095	2.0

Frjálsa leiðin
7,95%
70
4.335
4.142
3.955
3.783
3.623
3.475
3.336
3.205
3.082
2.966
2.857
2.754
2.658
2.568
2.483

Breyting nú



- Stjórn gerði aðeins þær breytingar á réttindaöflun sem nauðsynlegar voru til að samþykkir uppfylltu lagaákvæði.
- Á þessum ársfundum er til samræmis gerðar tillögur um breytingar á öðrum hlutum réttindakerfis
 - Breytingar á ákvæðum um flýtingu og frestun (tafla T2).
 - Breytingar á þeim hluta iðgjalda sem er endurgreiddur ef iðgjald fer fram yfir hámark örorkutryggingar (tafla T3).
 - Breytingar á ákvæði um flýtingu á töku lífeyris úr tryggingadeild Erfanlegu leiðarinnar (tafla T4)
 - Bráðabirgðaákvæði sem tryggir þeim sem verða fyrir orkutapi viðbótarréttindi næstu ár (ný tafla T5)

Tafla T2 um frestun á töku lífeyris



Frjálsa leiðin – hluti af töflu

FRJÁLSA LEIÐIN

Hækkun lífeyris fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað.

Fæðingarár/aldur	70	71	72	73	74	75	76	77	78	79
1952 og fyrr	0,68%	0,77%	0,87%	0,99%	1,13%	1,30%	1,50%	1,75%	2,06%	2,45%
1953	0,68%	0,77%	0,87%	0,98%	1,12%	1,29%	1,50%	1,74%	2,05%	2,43%
1954	0,68%	0,76%	0,86%	0,98%	1,12%	1,29%	1,49%	1,73%	2,04%	2,41%
1955	0,68%	0,76%	0,86%	0,98%	1,11%	1,28%	1,48%	1,72%	2,03%	2,40%
1956	0,68%	0,76%	0,86%	0,97%	1,11%	1,27%	1,47%	1,72%	2,01%	2,38%
1957	0,67%	0,76%	0,85%	0,97%	1,10%	1,27%	1,47%	1,71%	2,00%	2,37%
1958	0,67%	0,75%	0,85%	0,96%	1,10%	1,26%	1,46%	1,70%	1,99%	2,35%
1959	0,67%	0,75%	0,85%	0,96%	1,10%	1,26%	1,45%	1,69%	1,98%	2,34%

Tryggingaleiðin – hluti af töflu

TRYGGINGALEIÐIN OG GEYMDUR RÉTTUR ÚR LÍFEYRISSJÓÐI BOLUNGARVÍKUR

Hækkun lífeyris fyrir hvern mánuð sem töku er frestað.

Fæð.ár/aldur	67	68	69	70	71	72	73	74	75	76	77	78	79
1952	0,62%	0,69%	0,76%	0,85%	0,96%	1,09%	1,23%	1,41%	1,62%	1,88%	2,19%	2,57%	3,05%
1953	0,62%	0,68%	0,76%	0,85%	0,96%	1,08%	1,23%	1,40%	1,61%	1,87%	2,18%	2,56%	3,03%
1954	0,61%	0,68%	0,76%	0,85%	0,95%	1,08%	1,22%	1,40%	1,60%	1,85%	2,16%	2,54%	3,01%
1955	0,61%	0,68%	0,76%	0,84%	0,95%	1,07%	1,22%	1,39%	1,59%	1,84%	2,15%	2,52%	2,99%
1956	0,61%	0,68%	0,75%	0,84%	0,95%	1,07%	1,21%	1,38%	1,59%	1,83%	2,14%	2,51%	2,97%
1957	0,61%	0,67%	0,75%	0,84%	0,94%	1,06%	1,20%	1,37%	1,58%	1,82%	2,12%	2,49%	2,95%
1958	0,61%	0,67%	0,75%	0,84%	0,94%	1,06%	1,20%	1,37%	1,57%	1,81%	2,11%	2,47%	2,93%
1959	0,60%	0,67%	0,75%	0,83%	0,93%	1,05%	1,19%	1,36%	1,56%	1,80%	2,10%	2,46%	2,91%

Í dálknum „1952“ á að standa „1952 og fyrr“ líkt og í töflunni fyrir Frjálsu leiðina en það láðist að skrifa það í upphaflega skjalið um breytingartillögur samþykktá sem voru settar inn á vef Frjálsa. Textanum hefur nú verið breytt í skjalinu á vef Frjálsa.

Bráðabirgðaákvæði um orkutap (ný tafla T5)



- Markmiðið að jafna stöðu þeirra sem verða fyrir orkutapi eftir breytingu samþykktu við það sem var fyrir breytingu.

FRJÁLSA LEIÐIN

Fæðingarár	Viðbót á framreikning	Lækkun viðbótar á mánuði
1971 og fyrr	6%	0,150%
1972 til og með 1980	8%	0,200%
1981 og síðar	10%	0,250%

ERFANLEGA LEIÐIN

Fæðingarár	Viðbót á framreikning	Lækkun viðbótar á mánuði
1965 og fyrr	12%	0,300%
1966 til og með 1971	9%	0,225%
1972 til og með 1989	7%	0,175%
1990 til og með 1997	6%	0,150%
1998 til og með 2002	5%	0,125%
2003 til og með 2006	4%	0,100%
2007 og síðar	3%	0,075%

2022-2023



- Breytingar á samþykktum Frjálsa í tengslum við nýjar reikniforsendur eru:
 - Réttindaöflun verður frá og með 2023 í samræmi við þessar nýju forsendur um ævilengd
 - Sama mun gilda um ákvörðun sjóðfélaga um að breyta lífeyristökualdri ef breytingartillögur sem liggja fyrir fundinum verða samþykktar
 - Bráðabirgðaákvæði sem verður til hagsbóta fyrir þá sem verða fyrir orkutapi
- Réttindum sem áunnin eru fram til ársloka 2022 er hins vegar ekki breytt.

Ákvæði samþykktar Frjálsa lífeyrissjóðsins um hvernig réttindaákvæðum skuli breytt



- Samþykktir Frjálsa lífeyrissjóðsins hafa allt frá stofnun innihaldið skýr ákvæði um hvernig með skuli farið ef ekki er lengur jafnvægi milli eigna og áfallinna skuldbindinga eða mats á verðmæti iðgjalda og framtíðarskuldbindinga
- Sjóðfélagar hafa treyst sjóðnum fyrir iðgjöldum sínum
- Sjóðfélagar eiga rétt til að farið sé að ákvæðum samþykktar sem í gildi voru þegar þeir greiddu iðgjöld til sjóðsins, einnig við breytingar á samþykktum
- „Leiði tryggingafræðileg athugun á tryggingadeild í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga...er stjórn lífeyrissjóðsins skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum...Sama gildir ef munur...hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.“ (6.3)
- „Ef eignir tryggingadeildar...eru meira en 10% lægri en áfallnar skuldbindingar...tvö ár í röð er stjórn sjóðsins heimilt að lækka áunnin réttindi og lífeyri sjóðfélaga **hlutfallslega** skv. tillögu tryggingafræðings sjóðsins“. (6.5)

Staða Frjálsa í lok 2021



Ár	Áfallin staða	Framtíð	Heild
2021	0,01%	-17,2%	-9,2%

- Skilyrði um breytingu vegna greina hér á undan ekki uppfyllt
- En, samþykktir innihalda eina grein enn um tryggingafræðilega stöðu sem á aftur við, sem er svipuð eðlis og lagagreinin sem minnst var á í upphafi
 - Samþykktir skulu miðaðar við að sjóður geti staðið við skuldbindingar sínar

Ákvæði samþykktá Frjálsa lífeyrissjóðsins um hvernig réttindaákvæðum skuli breytt



- „Miðað skal við að iðgjöld standi á öllum aldurskeiðum undir réttindum sem veitt eru samkvæmt réttindatöflum sjóðsins miðað við þær forsendur sem notaðar eru við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Myndist misræmi þar á milli **vegna breyttra reikniforsenda**, skal stjórn sjóðsins í samráði við tryggingafræðing sjóðsins gera tillögu um nýjar réttindatöflur. ...**hefur slík breyting réttindataflna ekki áhrif á þau réttindi sem áunnist hafa fyrir gildistöku** dag hinna nýju taflna.“ (8.7)

Breyting Frjálsa lífeyrissjóðsins á réttindaákvæðum 2022-2023



- Breytingar eru gerðar til að tryggja jafnvægi í rekstri sjóðsins til framtíðar
- Farið er að ákvæðum samþykktum um breytingar á réttindaákvæðum
- **Frjálsi lífeyrissjóðurinn fer eftir ákvæðum samþykktum sjóðsins um réttindi sjóðfélaga og það gildir einnig ef breyta þarf réttindatöflum**

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Laun stjórnarmanna



Tillaga stjórnar um laun stjórnarmanna



Stjórnarlaun aðalmanna

- Lagt er til að stjórnarlaun aðalmanna verði, 274.000 kr. á mánuði, laun stjórnarformanns verði tvöföld laun aðalmanna og laun varastjórnarformanns ein og hálf laun aðalmanna.
- Auk þess er lagt til óbreytt fyrirkomulag þess efnis að ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanns, fyrir hvern setinn aukafund sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundi skv. starfsáætlun stjórnar.
- Ekki er greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.

Stjórnarlaun varamanna

- Lagt er til að stjórnarlaun varamanna verði helmingur af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna fyrir hvern setinn fund.
- Árslauð varamanna skulu vera að lágmarki ein og hálf mánaðarlaun stjórnarmanns.

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Önnur mál



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Ársfundur 2023

Miðvikudagur 31. maí kl. 17:15
Arion banki, Borgartúni 19

